

## 23. gr.

Sjóðstjórn semur árlega skýrslu um starfsemi Málræktarsjóðs og leggur hana fyrir aðalfund fulltrúaráðs. Jafnframt leggur hún endurskoðaða ársreikninga Málræktarsjóðs fyrir aðalfund fulltrúaráðs, sem afgreiðir þá. Reikningsárið er almanaksárið.

## 24. gr.

Komi til þess, af einhverjum ástæðum, að engin stjórn verði starfhæf í Málræktarsjóði, má menntamálaráðherra skipa sjóðnum nýja stjórn.

*Skipulagsskrá.*

## 25. gr.

Skipulagsskrá þessa semur Íslensk málnefnd með samþykki menntamálaráðherra, og skal síðan leitað staðfestingar dómsmálaráðuneytis á henni. Á staðfestingardeggi skal Málræktarsjóður taka til starfa.

## 26. gr.

Ekki má breyta skipulagsskrá þessari nema 3/4 hlutar fulltrúaráðs gjaldi breytingunni jákvæði sitt. Leita skal umsagnar menntamálaráðherra um breytinguna, og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

## 27. gr.

Sjóður þessi verður ekki lagður niður nema stjórnin sé einhuga um það og að fenginni umsögn menntamálaráðherra. Verði engin önnur stofnun sett á fót með sama hlutverk eða svipað, skal menntamálaráðuneytið taka við öllum eigum hennar til varðveislu og ráðstöfunar.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðsins sem staðfest var 7. mars 1991 og breytt var með samþykki fulltrúaráðsins 23. júní 1994. Jafnframt fellur fyrri skipulagsskrá úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. maí 1995.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

Nr. 298

## REIKNINGUR

**Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1994.**

### Rekstrarreikningur.

#### Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtupóknun v/erlendar innheimtu .....	2.619.434
Innheimtupóknun önnur .....	2.251.358
Endurkrafinn innheimtukostnaður .....	7.781.184
Vextir .....	<u>130.957.399</u>
	<u>143.609.375</u>

**Rekstrargjöld:**

Laun og launatengd gjöld .....	26.949.483
Húsnæðiskostnaður .....	1.297.629
Annar rekstrarkostnaður .....	33.952.407
Vextir og verðbætur .....	642.888
	<u>62.842.407</u>
 Tekjur umfram gjöld .....	 <u>80.766.968</u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 1994.****Eignir:**

Sjóður .....	4.055.955
Bankainnstæður .....	9.602.350
Skuldabréfaeign .....	319.749
Ógreidd innheimtuþóknun .....	1.770.037
Óinnheimtar kröfur .....	5.077.564.907
Sveitarfélög .....	2.037.585
Kröfur á fyrirtæki .....	35.675.810
Fyrirfram greiddur kostnaður .....	1.545.601
	<u>5.132.571.994</u>

**Skuldir og eigið fé:**

Ógreiddur kostnaður .....	76.666
Skuldabréf vegna fasteignakaupa .....	8.844.267
Tryggingastofnun ríkisins .....	105.064.494
Sveitarfélög .....	2.037.585
Erlendar innheimtur .....	610.755
Félagsmálaráðuneytið .....	4.819.733
	<u>121.453.500</u>

Framlag Jöfnunarsjóðs .....	2.704.022.277
Dráttarvextir óinnheimtir .....	1.490.695.653
Lögtakskostnaður óinnheimtur .....	38.148.162
Annað eigið fé .....	778.252.402
	<u>5.132.571.994</u>

Reykjavík, 14. febrúar 1995.

**Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga**

**Sigurgeir Sigurðsson.**

**Sigurjón Pétursson.**

**Húnbogi Þorsteinsson.**

**Árni Guðjónsson.**